

Tóku gildi 11. október 2016. Breytt með reglum nr. 3/2017 (tóku gildi 1. maí 2017), reglum dags. 26. október 2020 (tóku gildi 26. október 2020) og reglum dags. 6. júlí 2022 (tóku gildi 6. júlí 2022).

Reglur um sérflokk

KAFLI I.

Almennt

Markmið

1. gr.

Söluflokknum sérflokki er ætlað að tryggja fjölbreytileika og gæði í vöruúrvali ÁTVR.

Gildissvið

2. gr.

Reglur þessar gilda um inntöku, brottfall, merkingar og birgðahald vörutegunda í söluflokknum sérflokki skv. 20. gr. reglugerðar, nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi.

KAFLI II.

Inntaka (val) vöru í sérflokk

Almennt

3. gr.

Inntaka vöru í sérflokk skal grundvallast á ákvæðum 4. og/eða 5. gr.

Aukin fjölbreytileiki og gæði

4. gr.

Ákvörðun ÁTVR um inntöku vöru í sérflokk skal grundvallast á heildstæðu mati ÁTVR á því hvort að vara auki fjölbreytileika í vöruvali og/eða auki gæði vöruvals með sérstökum hætti. Við matið horfir ÁTVR til neðangreindra atriða:

- a. hráefnis,
- b. framleiðsluaðferðar,
- c. bragðs,
- d. framleiðslusvæðis,
- e. lítramáls,
- f. umbúðagerðar,
- g. söluverðs,
- h. styrkleika vínanda miðað við rúmmál,
- i. orðspors,
- j. niðurstöðu skynmats,
- k. tímabundinna áherslna í vöruvali

[Vara skal almennt ekki tekin inn í sérflokk, skv. þessari grein, nema að undangengnu brottfalli úr reynslu- eða kjarnafllokki, sbr. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar, nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi.]¹

Þrátt fyrir ákvæði a liðar 2. mgr. er ÁTVR heimilt að samþykkja umsókn um sölu á vöru í sérflokki, án undangengins brottfalls úr reynslu- eða kjarnafllokki, ef sérstaða vöru er mjög mikil að virtum þeim atriðum sem upp eru talin í staflíðum 1. mgr.

¹ Skv. 1. gr. reglna nr. 3/2017.

5. gr.
[[...]²]³

KAFLI III. Brottfall úr sérflokki

Almennt

6. gr.

[Um brottfall vöru úr sérflokki gilda ákvæði reglna, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ÁTVR heimilt að víkja frá ákvæðum um brottfall vöru úr sérflokki, í tilvitnuðum reglum, við sérstakar aðstæður, t.d. vegna tímabundinna áherslna í vöruvali, vöruvöntunar í grunnvöruúrvali o.fl.]⁴

KAFLI IV. Birgðahald

Birgðahald

7. gr.

Almennt skal ÁTVR eiga birgðir af vöru í sérflokki sem jafngildir áætlaðri 2-3 vikna sölu. Heimilt er að víkja frá framangreindri reglu þegar sérstaklega stendur á, t.d. þegar um sérstaklega fágæta og/eða dýra vöru er að ræða.

KAFLI V. Merkingar

[Almennt

8. gr.

[...]⁵ Um merkingar vöru í sérflokki gilda almennar reglur.]⁶

KAFLI VI. Annað

Gildistaka o.fl.

9. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 20. gr. reglugerðar nr. 1106/2015 með síðari breytingum.

Reglur þessar taka nú þegar gildi að frátöldum ákvæðum b liðar 2. mgr. 4. gr. og 6. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2017.

Reykjavík, 11. október 2016,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir

² Skv. 1. gr. reglna dags. 26. október 2020.

³ Skv. 1. gr. reglna dags. 6. júlí 2022.

⁴ Skv. 2. gr. reglna nr. 3/2017.

⁵ Skv. 2. gr. reglna dags. 26. október 2020.

⁶ Skv. 2. gr. reglna dags. 6. júlí 2022.